

**220. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
miðvikudaginn 2. ágúst 2023 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson aðalmaður, Vilborg Guðný Valgeirs dóttir á heyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Magni Grétarsson varamaður, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2307090 - Bæjarstjórn unga fólksins 2023

Tillaga að dagsetningur fyrir bæjarstjórnarfund unga fólksins 2023.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að bæjarstjórnarfundur unga fólksins verði haldinn 21. nóvember 2023.

2. 2307091 - Málefni leikskólastigsins 2023

Ingunn Ríkharðsdóttir leikskólastjóri á Garðaseli, Guðrún Bragadóttir leikskólastjóri á Akraseli, Vilborg Valgeirs dóttir leikskólastjóri á Vallarseli og Íris G. Sigurðardóttir leikskólastjóri á Teigaseli sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Ingunni Ríkharðsdóttur fyrir erindið um áskorun styttingar vinnuvikunnar í leikskólam. Ráðið þakkar jafnframt leikskólastjórum fyrir gagnlegar umræður um málefnið og felur sviðsstjóra að vinna málið áfram með í samstarfi við stjórnendur leikskólanna.

3. 2303044 - Sveigjanleiki í vistun barna - minnisblað

Á fundi skóla- og frístundaráðs 8. mars s.l. var samþykkt tillaga um sveigjanleika á vistun barna í leikskóla sem felur í sér möguleika á styttingu dvalartíma á föstudögum gegn niðurfellingu gjalda sem því nemur sem bæjarráð samþykkti á fundi 16. mars með eftirfarandi bókun:

Bæjarráð samþykkir útfærslu um sveigjanleika í vistunartíma barna og að framkvæmdin verði án breytinga í reiknilíkunum leikskólanna. Bæjarráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs framkvæmd málssins í samvinnu við leikskólastjóra. Gert er ráð fyrir að útfærslan og mögulegur kostnaðarauki verði kynntur fyrir bæjarráði um leið og útfærslan liggr fyrir.

Ingunn Ríkharðsdóttir, Guðrún Bragadóttir, Vilborg Valgeirs dóttir og Íris G. Sigurðardóttir sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frítundaráð felur sviðsstjóra að taka saman upplýsingar um útfærslu á sveigjanlegri vistun barna og kostnaði við verkefnið.

4. 2307092 - Fagháskólanám í leikskólafræði

Ingunn Ríkharðsdóttir, Guðrún Bragadóttir, Vilborg Valgeirs dóttir og Íris G. Sigurðardóttir sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð tekur jákvætt í erindið og heimilar sviðsstjóra að ganga frá samningi um samstarf um fagháskólanám í leikskólafræði milli Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Akraneskaupstaðar.

Guðrún, Vilborg og Íris víkja af fundi.

5. 2307180 - Fjárheimildir til kaupa á stofnbúnaði í leikskólann Garðasel

Erindi frá stjórnendum Garðasels vegna fyrirhugaðra kaupa á stofnbúnaði fyrir leikskólann.

Skóla- og frístundaráð fer þess á leit við bæjarráð að stjórnendur Garðasels fái umbeðna fjárheimild til búnaðarkaupa fyrir leikskólann.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:30.

Jónna Margrét Sigrúnundóttir
Margrét Göturarsson
Einar Brundsson